

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2009

frá 17. mars 2009

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/46/EB frá 23. apríl 2008 um breytingu á tilskipun 2004/40/EB um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu að því er varðar váhrif sem starfsmenn verða fyrir af völdum eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EEB) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 16jc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 L 0046:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/46/EB frá 23. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 88).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/46/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 31, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 88.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.